

**Nd.**

**86. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar.

Nefnd þeirri, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands hefir einnig verið falin til ihugunar tillaga til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar.

Nefndin er öll á því máli, að ekki beri að leita meir en þegar hefir gert verið á náðir Dana með landhelgisvarnir, enda mundi reynast árangurslaust, að fara þess á leit, er tillagan fer fram á.

Skoðun nefndarinnar er sú, að vjer verðum að una við þá landhelgisvörn, sem vjer höfum nú, þar til vjer getum aukið hana af eignum ramleik og að síðustu tekið hana með öllu í vorar hendur.

Nefndin leggur því til að tillagan sje feld.

Neðri deild Alþingis, 23. júlí 1915.

Matth. Ólafsson,  
form. og framsögum.

Sigurður Gunnarsson,  
skrifari.

M. J. Kristjánsson. Jón Jónsson. Benedikt Sveinsson.